



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Reykjavík, 5. júní 2012

Niðurstaða athugunar á Tryggingamiðstöðinni hf.

Vísað er til gagnsæistilkynningar vegna athugunar Fjármálaeftirlitsins á einstökum þáttum í starfsemi Tryggingamiðstöðvarinnar hf. á tímabilinu 17. september 2007 til 30. apríl 2010 sem birt var þann 27. september sl. (<http://www.fme.is/utgefing-efni/frettir-og-tilkynningar/gagnsaeistilkynningar/nr/1157>)

Í ofangreindri tilkynningu var tekið fram að athugun á einstökum starfsþáttum félagsins hefði lokið með skýrslu, sem afhent var félaginu í mars 2011. Tiltekið var að gerðar hefðu verið athugasemdir við nokkra þætti í starfsemi félagsins og gerðar úrbótakröfur vegna þeirra. Tekið var fram að Fjármálaeftirlitið teldi að félagið hefði í öllum tilvikum nema einu brugðist við athugasemdum og ábendingum þess.

Með tilkynningu þessari staðfestir Fjármálaeftirlitið að Tryggingamiðstöðin hf. hefur brugðist við öllum þeim athugasemdum og ábendingum sem gerðar voru í áður nefndri skýrslu.

Samkvæmt 9. gr. a laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, er Fjármálaeftirlitinu heimilt að birta opinberlega niðurstöður í málum og athugunum.